

Fundur í hverfisráði Raufarhafnar haldinn í ráðhúsinu 27. ágúst 2019

Mætt voru Gísli Þór Briem, María Sveinsdóttir, Ingibjörg Hanna Sveinsdóttir, Þóra Gylfadóttir var í síma. Nanna Steina sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Sveitarstjórn óskaði eftir tilnefningum í hverfisráð þar sem tímabilið er liðið.

Sjö aðilar gáfu kost á sér (bæði aðal og varamenn). Nanna hefur sent inn tilnefningar til sveitastjórnar og því er þetta síðasti fundur þessa ráðs.

Sorphirðumál: hverfisráð óskar eftir að fá upplýsingar um hvernig málin standa.

Hvenær verður farið af stað með flokkun ?

Hvernig verður henni háttað ?

Hverfisráð harmar að ekki skuli vera haft samráð þegar samningurinn var gerður.

Staða verkefna: Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um stöðu verkefna sem átti að ráðast í 2019

Fjárhagsáætlun 2020: á fundi 15. október 2018 sendi hverfisráð inn forgangsröðunarlista vegna fasteigna sveitarfélagsins. Því miður hefur lítið verið gert á þeim lista, einhver mál eru komin í ferli en ráðið vantar upplýsingar um það; þess vegna er listinn nánast í sömu mynd og 2018

Grunnskóli Raufarhafnar

1. Klæða þarf norðurhlið skólans sem fyrst.
2. Skipta þarf um glugga.

Sundlaugarhús

1. Skipta þarf um glugga; gluggar sundlaugarhúss eru gersamlega ónýtir.
2. Endurbæta þarf loftræstibúnað í sundlaugarhúsi.
3. Lagfæra þarf lagnakerfi vegna upphitunarbúnaðs sundlaugarinnar.
4. Það þarf að mála húsið bæði að innan og utan.
5. loftaplötur

Íþróttahús

1. Endurnýja þarf ljós í íþróttasalnum.
2. Lagfæra þarf gólfið í salnum.

Félagsheimilið Hnitbjörg

1. Nauðsynlegt er að gera við þakið á félagsheimilinu; húsið liggur undir skemmdum.
2. Skipta þarf um glugga.
3. Klæða húsið að utan sem fyrst.
4. Vantar nýtt gólfefni á eldhúsið.
5. Kvennaklósett

Ráðhús Raufarhafnar

1. Endurnýja þarf þak hússins sem fyrst.
2. Skipta um gler
3. Mála að utan

Tjaldsvæði Raufarhafnar

1. Það þarf að stækka tjaldsvæðið töluvert og lagfæra flötina.
2. Stækka þarf og lagfæra núverandi þjónustuhús, eða fá nýtt.
3. Fjölga þarf rafmagnstenglum.

Annað: Hverfisráð vonast til að Hoppudína verði sett upp á Raufarhöfn fyrir sumarið 2020 líkt og gert var á Húsavík og á Kópaskeri 2019

Hverfisráð vonast til að málefni eldri borgara í tengslum við húsnæðið Breiðablik komist í ferli sem fyrst og að málið verði til lykta leitt sem allra fyrst í sátt FER

Leiksólinn: Hverfisráð hvarmar að búið sé að loka leikskólanum en hefur vissan skilning á því þar sem aðeins er eitt barn á leiksólaaldri. Foreldri þessa barns geta nýtt sér að einhverju marki leiksólann á Kópaskeri og vonandi gæslu eftir hádegi líka í grunnskóla Raufarhafnar. Hverfisráð leggur áherslu á að ef aðstæður breytast og að fleiri börn komi verði brugðist strax við og leikskólinn opnaður aftur.

Hverfisráð leggur til að Norðurþing komi á frekara samstafi við Rif og Náttúrustofnun norðurlands og að markvist verði allir fletir skoðaðir til að efla starfsemi hér á svæðinu með það að leiðarljósi að fá hingað starfsemi og starfsfólk með fasta búsetu inná svæðið.

Hverfisráð telur að starfsmenn sveitarfélagsins þurfi að vera sýnilegri á staðnum og láta vita þegar þeir eru á ferðinni til að hægt sé að bjóða uppá viðtalstíma. Einnig vonast ráðið til þess að fastanefndir sveitarfélagsins fundi af og til hér líka og bjóði þá í tengslum við það uppá viðtal.

Kottjörn: Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um stöðu mála borholu: hvað kom út úr rannsóknum?

Fundi slitið kl 13:25